

L Ö G

um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

1. gr.

Ríkissjóður gefur út, til sölu innanlands, happdrættisskuldabréf í 5 flokkum, hvern að fjárhæð 40 milljónir króna á ári í 5 ár, samtals 200 millj. króna.

2. gr.

Happdrættisskuldabréfin, sem eru á handhafa og hvert að fjárhæð 1000 krónur, falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

3. gr.

Af skuldabréfunum eru ekki greiddir vextir, en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 5. gr.

4. gr.

Skuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu, og vinningar eru skattfrjálsir.

5. gr.

Dregið skal um vinninga og þeim úthlutað 1. desember og 1. júní ár hvert samkvæmt eftirgreindri skrá, er gildir fyrir 5 flokka, samtals 20 útdrættir fyrir hvern flokk eða 100 útdrættir fyrir alla flokkana á 10 árum.

1 vinningur	500 þús. kr.,	samtals	500 þús. kr.
1	— 100 — —	—	100 — —
6 vinningar	25 — —	—	150 — —
15	— 10 — —	—	150 — —
100	— 5 — —	—	500 — —
123 vinningar		Samtals	1 400 þús. kr.

Þannig verða á ári 1230 vinningar í öllum flokkunum, að fjárhæð samtals 14 millj. kr.

6. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl., gilda ekki um skuldabréf samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs, og skal þeim varið til að greiða kostnað af vega- og brúagerð á

Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið. Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. marz 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð
landbúnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málslíður 1. málsg. 3. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á árunum 1972—1976 skulu greiddar úr ríkissjóði til framleiðnisjóðs kr. 50 milljónir, kr. 10 milljónir hvert ár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal Útflutningsmiðstöð iðnaðarins til að stuðla að auknum útflutningi íslenzkra iðnaðarvara. Stofnendur eru Félag íslenzkra iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Samband íslenzkra samvinnufélaga, viðskiptaráðuneytið og iðnaðaráðuneytið fyrir hönd íslenzka ríkisins.